

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur 2-2016

Tími: Föstudagur 29. janúar 2016, kl. 14:00, Keldnaholti.

Mætt: Björn Þorsteinsson rektor, Guðni Þorvaldsson, Hilmar Janusson, Bjarni Stefánsson, Helena Guttormsdóttir og Þuríður Lillý Sigurðardóttir. Þar að auki sat Jón Hallsteinn Hallsson, deildarforseti Auðlindadeildar, fundinn til að taka þátt í umræðunni í lið 2. og sem staðgengill rektors í lið 3. Sigríður Hallgrímsdóttir boðaði forföll. Brita Berglund ritaði fundargerð.

1. Síðasta fundargerð

Samþykkt.

2. Nýjar starfsreglur

Nýjustu drög að starfsreglum voru lagðar fram með viðbótum og ábendingum eftir opið samráð við alla starfsmenn. Í því ferli komu fram nokkrar óskir um viðbætur og smávægilegar orðalagsbreytingar sem tekið var tillit til. Einnig töldu fulltrúar starfsmanna LbhÍ í háskólaráði, þau Guðni og Helena, að stjórnslýslan yrði e.t.v. of flókin miðað við stærð skólans og skoða þyrfti hvort verkaskipting og starfslýsing einstakra stjórnenda væri nógu skýr. Rektor benti á að kæmi það í ljós yrðu reglurnar endurskoðaðar. Ákveðið var að komast að niðurstöðu um innihald 21. gr. *per capsulam* og að því loknu verða reglurnar sendar til ráðsmanna til endanlegrar samþykkis. Áréttað var að um leið og hinar nýju reglur taka gildi þarf að vinna upp ný erindisbréf og starfslýsingar deildarforseta, námsbrautarstjóra, sviðsstjóra þannig að hlutverk og umboð sé í samræmi við gildandi reglur.

3. Um starfsanda og ágreining innan stofnunar, leiðir til úrbóta

Fjallað var um ágreining og starfsanda innan skólans, m.a. um vensl starfsfólks, vanhæfi og áhrif þess á traust innan skólans. Rektor vék af fundi hluta af tímanum og Jón Hallsteinn Hallsson tók við fundarstjórn í hans stað. Málið var rætt í einlægni, og að lokum óskaði háskólaráð eftir því að rektor og yfirstjórn leggi fram leiðir til úrbóta og skili til ráðsins fyrir 26. febrúar.

4. Næsti fundur

Mánudaginn 14. mars, kl. 14-16 á Keldnaholti

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 18:05.